


Fyrir hverja?

Erlent verðbréfasafn er fyrir sjóðfélaga sem vilja eingöngu fjárfesta í erlendum verðbréfum og þola sveiflur í ávöxtun.



Upplýsingar

Stofndagur:	1.1.2025
Heildarstærð (kr.):	164M

Frá ávöxtun safnsins dregst hlutdeild í rekstrarkostnaði lífeyrissjóðsins. Áætlaður rekstrarkostnaður Almenna lífeyrissjóðsins er um 0,3% af meðaleignum.

Um Safnið

Almenni lífeyrissjóðurinn býður sjóðfélögum að ávaxta lífeyrissparnað sinn í erlendu verðbréfasafni þar sem áhættudreifing á eignaflokka, lönd og atvinnugreinar er góð. Þó má gera ráð fyrir talsverðum sveifum í ávöxtun.

Erlent verðbréfasafn hentar sjóðfélögum sem vilja ávaxta inneign sína alfarið í erlendum verðbréfum og þola nokkrar sveiflur í ávöxtun. Markmið safnsins er langtímahækkun eigna með því að fjárfesta í erlendum hlutabréfum sem vega um 70% í stefnu og erlendum skuldabréfum sem vega um 30% í stefnu safnsins og að jafnaði eru fjárfestingar gerðar með milligöngu sjóða, bæði verðbréfasjóða og sérhæfðra sjóða. Góð áhættudreifing á eignaflokka, lönd og atvinnugreinar einkennir undirliggjandi eignir safnsins en þrátt fyrir það má búast við miklum sveiflum í ávöxtun. Talsverðar verðsveiflur geta orðið á erlendum verðbréfamörkuðum og þá hafa breytingar á gengi erlendra gjaldmiðla einnig áhrif á uppgjörsvirði eigna safnsins.

Orðsending sjóðstjóra

Erlent verðbréfasafn hefur lækkað um 3,3% frá áramótum. Heimsvísitala hlutabréfa hefur hækkað um 4,9% í USD á árinu og um lækkað um 3,4% í íslenskum krónum. Heimsvísitala skuldabréfa hefur hækkað um 5,2% í USD frá áramótum. Krónan hefur styrkst um 8% gagnvart USD á árinu.

Eignasamsetning

Ávöxtun

Stærstu eignaflokkar	Vægi	Raunávöxtun	Nafnávöxtun
Erlend hlutabréf	61,5%	Frá áramótum -4,7%	Frá áramótum -3,3%
Erlend skuldabréf	22,6%	Sl. 1 ár	Sl. 1 ár
Innlán í erlendum gjaldeyri	1,7%	Sl. 3 ár	Sl. 3 ár
Innlán í íslenskum krónum	14,1%	Sl. 5 ár	Sl. 5 ár
Total	100,0%	Sl. 10 ár	Sl. 10 ár
		Frá stofnun -4,7%	Frá stofnun -3,3%

Stærstu 10 útgefendurnir

Skuldabréfasjóðir	Vægi	Hlutabréf	Vægi
Vanguard - US Government Bond Index Fund	8,9%	Apple Inc	2,4%
Vanguard Global Corporate Bond Index Fund	5,6%	Microsoft Corp	2,1%
Five Arrows European Loan Fund	2,1%	NVIDIA Corp	1,9%
Vanguard - Euro Government Bond Index Fund Inst.	1,9%	Amazon.com Inc	1,4%
Five Arrows US Loan Fund	1,6%	Alphabet Inc	1,3%
CROWN EUROPEAN PRIVATE DEBT III S.C.SP.	1,3%	Meta Platforms Inc	1,0%
BlackRock ICS US Dollar Liquid	0,7%	Eli Lilly and Co	0,6%
CVC European Direct Lending fund IV	0,4%	Broadcom Inc	0,6%
		Mastercard Inc	0,6%
		Tesla Inc	0,5%

Fjöldi útgefenda um: 8 Fjöldi útgefenda um: 4.514

Gengisþróun það sem af er ári (YTD)



Fjárfestingarstefna

Eignasamsetning skal vera í samræmi við heimildir í VII. kafla laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997 með síðari breytingum.

Eignaflokkur	Stefna	Lágmark	Hámark
Skuldabréf og innlán	30%	15%	60%
Innlán	1%	0%	100%
Skuldabréf			
Erlend	29%	15%	60%
Hlutabréf	70%	40%	85%
Erlend	70%	40%	85%
Meðaltími	5 ár	3 ár	8 ár

Almennar upplýsingar

Almenni lífeyrissjóðurinn er lífeyrissjóður sem hentar þeim sem geta valið lífeyrissjóð og vilja greiða viðbótariðgjöld til að auka ráðstöfunar-tekjur sínar á eftirlaunaárunum. Aðild að sjóðnum er öllum opin en jafnframt er sjóðurinn starfs-greinasjóður arkitekta, leiðsögumanna, lækna, tónlistarmanna og tækniþræðinga.

Í Almenna lífeyrissjóðnum geta sjóðfélagar greitt bæði í séreignarsjóð og samtryggingarsjóð. Í séreignarsjóði eru iðgjöld færð á sérreikning sjóðfélaga en með greiðslum í samtryggingarsjóð ávinna sjóðfélagar sér rétt á lífeyrisgreiðslum til æviloka og örorku-, maka- og barnalífeyri.

Séreignarsjóður

Erlent verðbréfasafn er hluti af séreignarsjóði Almenna lífeyrissjóðsins. Í séreignarsjóði eru iðgjöld sjóðfélaga færð á sérreikning hans auk vaxta og verðbóta. Iðgjöld hvers sjóðfélaga eru séreign hans en eru ávöxtuð með iðgjöldum annarra sjóðfélaga. Inneign í séreignarsjóði erfist við fráfalið sjóðfélaga og er greidd út samkvæmt erfðareglum. Hefja má töku lífeyris úr séreignarsjóðum við 60 ára aldur. Ef sjóðfélagi verður öryrki er hægt að taka inneignina út á 7 árum m.v. 100% örorku.

Séreignarsjóður í stuttu máli.

- Inneign er laus til útborgunar frá 60 ára aldri.
- Inneign í séreignarsjóði erfist.
- Tekjuskattur er greiddur af lífeyrisgreiðslum.
- Hægt er að nýta persónuafslátt við útgreiðslu.
- Fjármagnstekjuskattur greiðist ekki af vaxtatekjum í lífeyrissjóði.


Fyrirvari um eignamat

Lífeyrissjóðurinn metur eignir safnsins með hliðsjón af fyrirbyggjandi upplýsingum um markaðsverð. Markaðsverð verðbréfa ræðst af markaðsaðstæðum hverju sinni og getur breyst með stuttum fyrirvara. Fjárhagslegur styrkleiki útgefenda verðbréfa getur einnig breyst og haft áhrif á eignamat. Nánari upplýsingar um eignamat eru í ársskýrslu sjóðsins.

Nánari upplýsingar

Almenni lífeyrissjóðurinn
Dalvegi 30, 201 Kópavogi
Sími 510-2500
almenni@almenni.is
www.almenni.is

Landa- og atvinnugreinaskipting erlendra hlutabréfatengdra eigna



Um skuldara- og markaðsáætlu

Skuldaraáætla

Skuldaraáætla er sú áætla að fjárfesting tapist vegna gjaldþrots útgefanda verðbréfs eða þess sem á að inna af hendi greiðslu. Skuldaraáætla er mismikil meðal útgefenda. Skuldaraáætla er talin lítil ef skuldabréf er með ríkisábyrgð. Skuldaraáætla er meiri ef um skuldabréf fyrirtækja er að ræða. Skuldaraáætla minnkar með auknum fjölda útgefenda í söfnum..

Markaðsáætla

Megin markaðsáætla er tengist skuldabréfum eru breytingar á vaxtastigi á viðkomandi markaði. Breytingar á verði skuldabréfa til langs tíma eru meiri en skuldabréfa til stutts tíma við sömu breytingu á ávöxtunarkröfu. Löng skuldabréf og skuldabréfasjóðir með langan meðallíftíma sveiflast því meira í verði og fela því í sér meiri markaðsáætlu en skuldabréf eða skuldabréfasjóðir með stuttan meðallíftíma. Markaðsáætlu skuldabréfasjóða er hægt að mæla með meðallíftíma þeirra sem er núvirði á vagnu meðaltali gjalddaga í greiðslufæði allra skuldabréfa sjóðsins. Markaðsáætla minnkar með sparnaðartíma því þá minnka áhrif einstakra sveiflna og jafnast út með tímabilum hárrar og lágrar ávöxtunar.